



# STYTTING VINNUVIKUNNAR

## Innleiðing betri vinnutíma fyrir dagvinnustarfsfólk

Kynning fyrir stjórnendur



Mannauðs- og starfsumhverfissvið



**Allar upplýsingar og  
leiðbeiningar er að finna á  
vefslóðinni:**

**[reykjavik.is/betrivinnutími](https://reykjavik.is/betrivinnutími)**



# STYTTING VINNUVIKUNNAR

Af hverju?

- Tímamótasamkomulag um styttingu vinnutíma náðist í kjarasamningum opinberra starfsmanna á vormánuðum 2020
- Samningsaðilar eru sammála um að ná megi fram gagnkvæmum ávinningi starfsfólks og starfsstaða **með betri vinnutíma**
- Tilraunaverkefni hjá Reykjavíkurborg frá árinu 2015
- Stytting vinnuvikunnar hefur verið helsta baráttumál stéttarféлага sl. ár



# Af hverju að stytta vinnuvikuna?

Hvert er markmiðið?

- Markmið styttingar vinnutímans er að **bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma.**
- Með **umbótasamtali** má auka skilvirkni, bæta þjónustu og tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika starfsfólks og starfsstaða sem og samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs.



# Hvernig er hægt að stytta vinnuvikuna?

- **Forsenda** styttingar vinnutíma hjá dagvinnufólki er samtals um **betri nýtingu vinnutíma**.
- Við styttingu umfram 65 mínútur gefur starfsfólk eftir forræði neysluhléa að hluta eða fullu og tímalengd hléa er aðlöguð að styttri vinnuviku.
- Útfærsla styttingarinnar tekur mið af starfsemi og getur því verið með ólíkum hætti.



# Hversu mikið er hægt að stytta vinnuvikuna?

- Hægt er að stytta frá 65 mínútum í allt að 4 klst.
- Við styttingu um 13 mínútur á dag eða 65 mínútur á viku haldast matar- og kaffitímar óbreyttir samkvæmt kjarasamningi.
- Stytting umfram 65 mínútur kallar á útfærslu á styttingu neysluhléa
- Heimilt er að stytta vinnuvikuna um allt að 4 klukkustundir á viku eða úr 40 í 36 virkar stundir.
- Við hámarks styttingu (4 stundir) verður grein 3.1 um matar- og kaffitíma á dagvinnutímabili óvirk.




# Hversu mikið er hægt að stytta vinnuvikuna?

- Vinnuvikan styttist hlutfallslega hjá dagvinnufólki í hlutastörfum eins og við á og leiðir ekki til hærra starfshlutfalls
- Hafa þarf sérstaklega í huga hvert fyrirkomulag neysluhléa er hjá hlutastarfandi í dag og að teknu tilliti til viðveru
- Styttingin kemur ekki til viðbótar umsömdum sveigjanleika og hafi starfsfólk þegar stytt viðveru sem nemur matar- og kaffitímum kemur ekki til frekari styttingar með breytingu hléa.
  - Getur m.a. átt við um starfsfólk mötuneyta og starfsfólk í afgreiðslustörfum
  - Einnig hlutastarfandi sem „byrja í kaffi“ eða „enda í mat“



# Stytting án breytinga á hléum

Í DAG





DAGLEGA

STYTTING UM 13 MÍN.

EINU SINNI Í VIKU

STYTTING UM 65 MÍN.



- Er 13 mínútur á dag eða 65 mínútur á viku
- Þá haldast hlé skv. kjarasamningi óbreytt






# Aukin stytting og útfærsla breytinga hléa

- Hægt er að ná fram meiri styttingu með því að útfæra hlé sem er á forræði starfsmanna á annan hátt.
- Með því að stytta hlé úr 35 mínútum í til dæmis 20 mínútur alla virka daga styttist hver dagur um 28 mínútur eða 140 mínútur á viku

Í DAG





DAGLEGA

STYTTING UM 13+15 MÍN.

EINU SINNI Í VIKU


STYTTING UM 140 MÍN.





# Stytting um 4 klst. á viku

- Til að ná fram hámarks styttingu veður grein 3.1 um matar- og kaffitíma á dagvinnutímabili óvirk
- Starfsfólk gefur eftir forræði á matar- og kaffitímum og tímalengd hléa verður aðlöguð að styttri vinnuviku





# Mismunandi stytting og útfærsla hléa

Hægt er að útfæra hlé með öðrum hætti en skýringarmyndirnar sýna og ef við miðum við 8 klst. vinnudag gildir eftirfarandi:

- 1 klst. og 5 mín á viku = óbreytt forræði á hléi, 35 mínútur á dag
- 2 klst. á viku = forræði á hléi 24 mínútur á dag
- 3 klst. á viku = forræði á hléi 12 mínútur á dag
- 4 klst. á viku = búið að gefa eftir forræði á neysluhléi



# Hvað þýðir forræði á hléum?

- Forræði á hléi felur í sér að starfsfólk ráðstafar tímanum að vild, innan eða utan vinnustaðar
- Gefi starfsmaður eftir forræði á hléi skuldbindur viðkomandi sig til að nærast þegar starfseminni hentar
- Viðvera er þá samfelld og fari starfsmaður af vinnustað verður ólaunað hlé á viðveru/vinnudegi (starfsmaður skal stimpla sig út).



# Breytingar á vinnufyrirkomulagi kalla á

- Að traust ríki milli starfsfólks og stjórnenda um breytta vinnutilhögun með styttri vinnuviku
- Að allir aðilar tileinki sér nýja starfshætti þegar samþykkt tillaga um styttingu liggur fyrir



# INNLEIÐINGARFERILL – 9 SKREF





# HLUTVERK AÐILA Í SAMTALI UM BREYTINGAR Á VINNUTÍMA

## STJÓRNANDI

- Setur ferlið af stað
- Kallar eftir tilnefningum fulltrúa starfsfólks í vinnutímahóp
- Tilnefnir fulltrúa stjórnenda í vinnutímahóp
- Tryggir að skipan vinnutímahóps uppfylli kröfur um samsetningu vinnutímahóps

## VINNUTÍMAHÓPUR STARFSSTAÐAR

- Greining og upplýsingaöflun
- Fræðsla til starfsfólks
- Gerir tillögur að breyttu skipulagi vinnutíma fyrir starfsstaðinn
- Tilnefnir fulltrúa vinnutímahóps (starfsfólks) í samtal samráðsfundar
- Kynnir samtal samráðsfundar fyrir starfsfólki
- Útbýr tillögur að útfærslu styttingar fyrir starfsstaðinn til atkvæðagreiðslu

## FULLTRÚAR VINNUTÍMAHÓPS Á SAMRÁÐSFUNDI

- Kynna tillögur vinnutímahóps
- Taka þátt í samtali samráðsfundar og miðlar hugmyndum að útfærslu

## STARFSHÓPUR

- Tekur þátt í umbótasamtali á starfsstað
- Greiðir atkvæði um tillögu að styttingu



# Skipan fulltrúa starfsfólks í vinnutímahóp

Stjórnandi þarf að tryggja að starfsfólk í stéttarfélögum innan hverra heildarsamtaka eigi fulltrúa í vinnutímahóp eins og við á, á hverjum vinnustað. Jafnframt skal gætt að því að í vinnutímahóp sé fulltrúi starfsfólks þeirra stéttarféлага sem standa utan heildarsamtaka.

- **ASÍ** (Efling stéttarfélag, Samiðn -samband iðnfélaga, Rafiðnaðarsambandið)
- **BSRB** (Sameyki, Sjúkraliðafélag Íslands)
- **BHM** (Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félagsráðgjafafélag Íslands, Fræðagarður, Iðjubjálfafélag Íslands, KVH, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði, Stéttarfélag lögfræðinga, Stéttarfélag sjúkraþjálfara, Þroskaþjálfafélag Íslands)
- **KÍ** (Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla)
- **Után heildarsamtaka** (Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Stéttarfélag tölvunarfræðinga, Verkfræðingafélag Íslands - félag verkfræðinga og tæknifræðinga, Samband stjórnendafélaga)
- **Dæmi:** Á starfsstað er starfsfólk félagsmenn Sameykis, Eflingar, Sjúkraliðafélags Íslands og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Fulltrúar starfsfólks í vinnutímahóp verða þá að lágmarki að vera 3.
- Vinnutímahópur þarf að endurspeglar fjölbreytileika starfa og mismunandi aðstæður starfsfólks, s.s. bundna og sveigjanlega viðveru (ef hvort tveggja er til staðar á starfsstað).





# Hlutverk vinnutímahóps

- Markmið greiningarvinnu vinnutímahóps er að draga fram gagnkvæman ávinning starfsfólks og vinnustaðar af breyttu skipulagi og styttri vinnutíma t.d. að skoða:
- Greining á þjónustu og hvar helstu álagspunktar eru.
- Greina eðli starfa og starfsmannahópin því stytting á jafnvel ekki við um alla hópa þar sem sumar stéttir eru með annars konar útfærslu á vinnuskyldu en hefðbundna 40 stunda vinnuviku, s.s. kennarar.
- Ávinningur starfsfólks og stofnunar af breyttu vinnufyrirkomulagi
- Ræða þarf sóknarfæri í vinnufyrirkomulagi, verklagi, samvinnu og tímastjórnun
  - T.d. hvaða breytingar þarf að gera á vinnufyrirkomulagi til að ná hámarks styttingu
  - Hvernig megi nýta vinnutímann betur
  - Einföldun á vinnulagi með hjálp tækninýjunga
- Ræða hvaða þarfir eru á sveigjanleika samhliða styttri vinnuviku



# Umbótasamtalið

- Vinnutímahópur kynnir upplýsingaöflun og greiningu.
- Ræðir við starfsfólk hvaða leiðir þau sjái til að nýta vinnutímann betur.
- Þá á að taka til umræðu óskir starfsmanna um breytingu á vinnutíma með hliðsjón af þeirri þjónustu sem starfsstaður veitir og starfseminni.
- Enn fremur að ræða hvenær breytingin á að taka gildi og hvort skoða eigi að taka styttinguna í skrefum.



# Tillögur að styttingu

- Búið er að útbúa eyðublað sem vinnutímahópar nota til að setja tillögur fram
- Eyðublaði er þannig uppbyggt að vinnutímahópur verða að rýna hvort tillaga að breytta vinnutilhögun feli í sér kostnað eða skerðingu á þjónustu sem er ekki heimilt.



# Dæmi um ferli starfsstaðar í gegnum innleiðingarferil

Starfsstaður: **Leikskóli**

Þjónustupáttur: **LEIKSKÓLAR**

1. **Leikskólastjóri** hefur frumkvæði að því að kalla saman vinnutímahóp á leikskóla og tryggir aðkomu fulltrúa heildarsamtaka í vinnutímahóp. Sjá á sér glæru
2. Vinnutímahópur á leikskóla kynnir sér fræðslufni og leiðbeiningar og sinnir upplýsingaöflun og greiningu á starfsemi leikskólans og dregur fram gagnkvæman ávinning starfsfólks af breyttu skipulagi og styttri vinnutíma.
3. Vinnutímahópur leikskóla boðar til fundar með öllu starfsfólki leikskólans og kynnir þar upplýsingaöflun og greiningu. Ræða hvort ákjósanlegt sé að taka styttingu í skrefum og hvernig
4. Vinnutímahópurinn vinnur úr því samtali sem átti sér stað á fundi starfsfólks og gerir tillögur um styttingu vinnutíma (fjöldi klst. og lengd neyslhléa) fyrir sinn leikskóla.
5. Fulltrúi vinnutímahóps leikskóla - fulltrúi starfsfólks - tekur þátt í samráðsfundi þjónustupáttar þar sem saman koma fulltrúar frá öllum leikskólum borgarinnar. **Fulltrúar leikskólastjóra** taka þátt í þeim samráðsfundi. Á samráðsfundi eru tillögur leikskóla kynntar og ræddar og hugmyndum að breytingum að vinnufyrirkomulagi og útfærslu styttingar miðlað.



## Frh. dæmi

Starfsstaður: **Leikskóli**

Þjónustupáttur: **LEIKSKÓLAR**

6. Eftir samráðsfund vinnur vinnutímahópur leikskóla nýjar tillögur eða notar þá tillögur sem búið var að vinna og kynna starfsfólki leikskóla tillögur
7. Atkvæðagreiðsla fer fram á starfsstað.
8. Þegar tillaga að útfærslu styttingar hefur verið samþykkt með atkvæðagreiðslu sendir **leikskólastjóri** Skóla- og frístundarsviði tillöguna til staðfestingar.
9. Ef tillaga að styttingu er felld þá er vinnutímahópur á leikskóla kallaður saman og næstu skref ákveðin. Ferli hefst aftur.



# Tímalína innleiðingar

- Umbótasamtöl innan starfsstaða 21.sept. – 16.okt.
- Samráðsfundir 19. - 30. okt.
- Atkvæðagreiðsla 2. - 10.nóv.



**Takk fyrir!**

